

Borgarstjórn Reykjavíkur
3. febrúar 2015

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingar á reglum um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar frá 10. september 2013:

Komi í stað liðar nr. 4 í núgildandi reglum: Gjafir frá fyrirtækjum, félagasamtökum og stofnunum til skólabarna má þiggja ef gjöfin hefur fræðslu-, forvarna- eða öryggisgildi. Skólastjórn hvers skóla skal skera úr í málum þar sem vafi leikur á um tilgang gjafarinnar.